

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytt póstnúmer á Kjalarnesi.

Á fundi borgarráðs þann 25. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hver er ástæðan fyrir breyttu póstnúmeri á Kjalarnesi úr 116 í 162 sem er dreifbýlispóstnúmer?

Þann 24. nóvember 2017 birti Pósturinn tilkynningu um ný póstnúmer í dreifbýli. Í tilkynningunni kemur fram að tilgangurinn er að að skilja póstnúmer þéttbýliskjarna og dreifbýlis og tóku þau gildi 1. desember 2017. Sérstakt póstnúmer var tekið upp á svæðum í dreifbýli sem áður féllu undir sama póstnúmer og næsti þéttbýliskjarni.

Póstnúmerið 116 Reykjavík, öðru nafni Kjalarnes, náði til allra sveitabæja frá Esjurótum út í Tíðaskarð sem og yfir þéttbýlið á Kjalarnesi. Eftir breytinguna var dreifbýlið á svæðinu með póstnúmerið 162 Reykjavík en þéttbýlið með 116 Reykjavík eins og áður. Samkvæmt tilkynningu Póstsins er breytingunni ætlað að láta póstnúmerin afmarka betur þéttbýli frá dreifbýli og einfalda þannig alla flokkun og dreifingu pósts.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

